

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 319/2009 um inntökuskilyrði
í grunnám við Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 27. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eindregið er mælt með að umsækjendur um nám í lífeinda- og sameindalíffræði, sem er sam-
eiginlega á ábyrgð raunvísindadeildar og líf- og umhverfís vísindadeildar, hafi lokið 21 einingu í
stærðfræði og 30 einingum í raungreinum, þar af a.m.k. 6 einingum í eðlisfræði, 6 einingum í
efnafræði og 6 einingum í líffræði.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum stjórnar
verkfræði- og náttúruvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 85/2008 um
opinbera háskóla. Reglurnar taka þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta frá og með
háskólaárinu 2011-2012.

Háskóla Íslands, 3. maí 2011.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.